

Nd.

177. Frumvarp

til laga um friðun rjúpna og breyting á lögum um friðun fugla og eggja, nr. 59 frá 1913.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Rjúpur skulu alfriðaðar til 1. okt. 1924. Frá því ári sje friðunarár rjúpna 7. hvert ár, talið frá 1. okt. til 30. sept. árið eftir.

2. gr.

Fyrir hverja rjúpu skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10 kr. sekt, er tvöfaldast við itrekun brotsins. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem með almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.